

Ed. 533. Frumvarp til laga
um fyrningarsjóð ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „Fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slík lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreiknings fyrir árið 1945.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra, en frumvarpið er samið af skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, aðalendurskoðanda ríkissjóðs og ríkisbókara. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um frumvarpið. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Undanfarið hefur þeirri venju verið fylgt við afskrift fasteigna ríkissjóðs, að færa fyrningarupphæðina til gjalda á rekstrarreikningi viðkomandi stofnunar og lækka fasteignina í verði um sömu upphæð.

Með þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir, að fyrningarupphæðin færist áfram á rekstrarreikning, en verði greidd í sérstakan sjóð, er hafi það hlutverk að endurbyggja fasteignina.

Mundi það meðal annars hafa þessa kosti:

1. Á ríkisreikningi kemur fram verð allra fasteigna ríkissjóðs, eins og það er skv. fasteignamati á hverjum tíma. Mundi þannig koma fram bezt samræmi á milli hinna einstöku ríkiseigna.
2. Með því að leggja fyrningarupphæðina í sérstakan sjóð eru notendur eignarinnar smátt og smátt látnir greiða andvirði byggingarinnar, þannig að þegar um endurbyggingu verður að ræða, á að vera nægilegt eða a. m. k. almikið fé fyrir hendi, sem þannig hefur safnast saman og er í raun og veru ekki annað en lítil húsaleiga þeirrar stofnunar, sem byggingarinnar hefur notið.
3. Í frv. er gert ráð fyrir, að lána megi af sjóðnum til nýrra bygginga, annarra en þeirra, sem áður hafa greitt í hann. Þegar sjóðurinn er orðinn stór, gæti þetta verið mjög hagkvæmt og virðist að öllu leyti eðlilegra heldur en að taka lán hjá óskildum aðila eða leggja fram peninga af rekstrarfé ríkissjóðs.